

**165. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Þorpinu, Þjóðbraut 13,  
29. júní 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Guðjón Snær Magnússon áheyrnarfulltrúi ungmenna, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur**

Kynning á samningi milli Akraneskaupstaðar og ÍA sem bæjarráð samþykkti á 3462. fundi sínum.

Samningurinn er með gildistíma út árið 2021 en gert ráð fyrir að vinnu vegna framlengingar samningsins verði lokið að hálfu samningsaðila fyrir áramótin.

*Fundur fer fram bæði á staðnum sem og í fjárfundi.*

*Marella Steinsdóttir formaður ÍA og Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍA komu inn á fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu og fagnar nýjum samningi Akraneskaupstaðar við ÍA.*

*Marella og Guðmunda víkja af fundi.*

**2. 2106092 - Knattspyrnufélag ÍA - rekstrarleyfi á Aggapalli**

Erindi frá bæjarráði frá 3462. fundi með beiðni um umsögn skóla- og frístundaráðs vegna umsóknar Knattspyrnufélags ÍA um rekstrarleyfi á veitingastað í flokki II - E kaffihús, sem yrði staðsett á Aggapalli.

*Skóla- og frístundaráð gerir ekki athugasemdir við veitingu vínveitingaleyfis sem afmarkast við Aggapall en leggur áherslu á góða umgengni og viðeigandi gæslu.*

**3. 2005083 - Skátafélag Akraness - samstarfssamningur**

Kynnt drög að samningi Akraneskaupstaðar við Skátafélag Akraness. Bæjarráð fjallaði um samninginn á 3462. fundi sínum og var afgreiðsla málsins frestað til næsta fundar bæjarráðs.

*Lagt fram.*

**4. 2106097 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Umsókn um námvist í tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags.

*Skóla- og frístundaráð getur því miður ekki orðið við erindinu.*

**5. 2104146 - Ungmennaráð 2021**

Framhaldsumræða um frístundastarf 16 - 25 ára á Akranesi.  
Stefnumót ungmennaráðs við skóla- og frístundaráð.

*Ívar Orri Kristjánsson deildarstjóri í Þorpinu, Helgi Rafn Bergþórsson, Ylfa Örk Davíðsdóttir, Guðjón Snær Magnússon, Helena Rut Káradóttir og Ísak Emil Sveinsson fulltrúar ungmennaráðs Akraneskaupstaðar sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að fylgja eftir umræðu sem fór fram á fundinum m.a. við skipulags- og umhverfissviðs.*

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.  
Sign (BD, RBS, SMS, FES og VJ).*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**